


Combi (E)



IS Notkunarleiðbeiningar
Geymið í ökutækinu

Bls. 02



- 1 Stafrænt eða hliðrænt stjórnborð (án myndar)
- 2 Innihitaskynjari
- 3 Tenging fyrir kalt vatn
- 4 Tenging fyrir heitt vatn
- 5 Gastenging
- 6 Úttök fyrir heitt loft
- 7 Inntak fyrir hringrásarloft
- 8 Úttak fyrir útblástur
- 9 Inntak brennslulofts
- 10 Rafrænn stjórnþúnaður
- 11 Vatnstankur (10 lítra)
- 12 Brennari
- 13 Varmaskiptir
- 14 Afrafeindabúnaður
- 15 Hitaelement 230 V ~
- 16 Ofhitnunarrofi 230 V ~
- 17 FrostControl (öryggis-/afrennslisloki – aukabúnaður í útfærslu fyrir Bretland)
- 18 Öryggis-/afrennslisloki (útfærsla fyrir Bretland)

Mynd 1

Efnisyfirlit

Tákn sem notuð eru	2
Fyrirhuguð notkun	3
Öryggisleiðbeiningar	3
Lýsing á virkni (Combi)	6
Lýsing á virkni (Combi E)	6

Notkunarleiðbeiningar

Stjórnborð	7
Innihitaskynjari	7
Öryggis-/afrennslisloki	7
A. FrostControl	7
B. Öryggis-/afrennslisloki	8
Fyllt á ketilinn	8
Ketillinn tæmdur	8
Búnaðurinn settur í gang	9
Slökkt	9
Viðhald	9
Sólarraflöðukerfi	9
Öryggi	9
Öryggi 12 V =	9
Öryggi 230 V ~ (Combi E)	9
Ofhitnunarvörn 230 V ~ (Combi E)	10
Tæknilegar upplýsingar	10
Mál	11
Förgun	11
Bílanir	11
Leiðbeiningar um villuleit (vatnsveita)	11
Aukabúnaður	12
Ábyrgðaryfirlýsing framleiðanda (Evrópusambandið)	13

Tákn sem notuð eru



Táknið bendir á mögulega hættu.



Vísar á upplýsingar og ábendingar.



Gætið að reglum um stöðurafmagn!

Fyrirhuguð notkun

Rétt notkun

- Tækið er eingöngu ætlað til uppsetningar og notkunar í húsvögnum í ökutækjaflokki O og í húsbílum í ökutækjaflokki M1, ef gaskerfið hefur verið sett upp samkvæmt EN 1949. Fylgja verður gildandi lögum og reglum um notkun og skoðanir gaslagna í hverju landi (í Þýskalandi er það t.d. „DVGW-Arbeitsblatt G 607“).
- Eingöngu má nota tækið til upphitunar á neysluvatni og kyndingar í innanrými ökutækis.
- Ef nota á tækið meðan á akstri stendur verður búnaður að vera fyrir hendi sem kemur í veg fyrir að fljótandi gas streymi út ef slys á sér stað (samkvæmt UN-ECE-reglum nr. 122).
- Ef tækið er notað í atvinnuskyni ber rekstraraðila að tryggja að farið sé að sértækum laga- og tryggingareglum í notkunarlendi hverju sinni (í Þýskalandi eru þetta t.d. DGUV-reglurnar).

Röng notkun

- Hvers kyns notkun sem ekki er lýst undir „Rétt notkun“ er óheimil og því bönnuð. Þetta á meðal annars við um uppsetningu og notkun í:
 - hópbifreiðum (ökutækjum í flokki M2 og M3),
 - vörubifreiðum (ökutækjum í flokki N),
 - bátum og öðrum förum,
 - veiði-/skógarkofum, sumarbústöðum eða fortjöldum.
- Bannað er að setja tækið upp í eftirvögnum og ökutækjum sem notuð eru til flutninga á hættulegum farmi.
- Bannað er að nota tækið til upphitunar á öðrum vökva en neysluvatni (t.d. hreinsiefni, kalkhreinsi, örverueyði og ryðvarnarefni).
- Ekki má nota tæki sem eru í ólagi.
- Ef ekki er farið eftir uppsetningar- og notkunarleiðbeiningum við uppsetningu eða notkun tækja telst notkun þeirra vera óheimil.

Öryggisleiðbeiningar

Til þess að tryggja örugga og rétta notkun skal gæta þess að lesa notkunarleiðbeiningarnar og önnur fylgiskjöl tækisins vandlega, fylgja þeim í hvívetna og geyma þau á vísu stað. Fylgja skal gildandi lögum, reglum og stöðlum á hverjum stað.

Ef ekki er farið eftir fyrirmælum í notkunar- og uppsetningarleiðbeiningum getur það haft í för með sér alvarlegt tjón og stefnt lífi og heilsu fólks í mikla hættu. Rekstraraðili eða notandi tækisins ber einn alla ábyrgð á því tjóni sem af kann að hljóta.



Eingöngu reyndir og sérþjálfaðir fagaðilar mega sjá um að setja Truma-tækið upp, gera við það og framkvæma virkniþrófun, og skulu þeir ávallt fylgja uppsetningar- og notkunarleiðbeiningunum og viðurkenndum fagreglum. Fagaðilar eru þeir sem á grundvelli viðeigandi fagmenntunar og -þjálfunar sem og þekkingar og reynslu af vörum frá Truma og viðeigandi stöðlum eru færir um að inna nauðsynlega vinnu af hendi með viðeigandi hætti og bera kennsl á mögulegar hættur.

Hvað á að gera ef vart verður við gaslykt?

- Forðist allt sem valdið getur íkveikju. Slökkvið t.d. allan opinn eld, ekki nota rafmagnsrofa, farsíma eða útvarp í ökutækinu, ekki setja vél ökutækisins í gang, ekki nota neins konar tæki og ekki reykja.
- Lokið gluggum og hurðum
- Vísið öllum út úr ökutækinu
- Lokið fyrir gaskúta eða skrúfið fyrir gasinntak utan frá
- Látið fagaðila fara yfir og gera við gaskerfið!
- Ekki taka gaskerfið aftur í notkun fyrr en búið er að fara yfir það og gera við það!

Unnið við tækið, á uppsetningarstað



Möguleg hættu vegna raflosts eða sprengihættu vegna gasleka!

– Áður en byrjað er að vinna:

1. Slökkvið á tækinu
2. Lokið fyrir gasið
3. Aftengið tækið frá spennugjafa og veitukerfi (230 V ~) með alpóla rofi



Hætta er á að skera sig á hvössum brúnum!

– Notið viðeigandi hlífðarhanska og hlífðargleraugu við alla vinnu.

Öryggi við notkun

– Notið tækið eingöngu með viðeigandi stjórnborðum og aukabúnaði frá Truma.

– Óheimilt er að nota tækið án röra fyrir heitt loft.

– Eitrunarhætta vegna útblásturs! Í lokuðu rými (t.d. í bílskúrum, á verkstæðum og í fortjöldum) getur útblásturinn frá miðstöðinni leitt til eitrunar. Þegar ökutækinu er lagt í lokuðu rými:

- Lokið fyrir aðveitu eldsneytis til miðstöðvarinnar.
- Gerið tímarofann óvirkan.
- Slökkvið á miðstöðinni á stjórnborðinu.
- Ef Truma iNet Box hefur verið sett upp skal slökkva á miðstöðinni með Truma App.

– Ef háfurinn er staðsettur nálægt eða beint fyrir neðan opnanlegt fag verður tækið að vera búið sjálfvirkum útsláttarbúnaði sem kemur í veg fyrir að það sé notað þegar glugginn er opin.

– Hætta er á að eldur komi upp vegna aukins hita!

- Alls ekki má nota hluti sem eru viðkvæmir fyrir hita (t.d. úðabrúsa eða kerti) eða eldfim efni, vökva, loftkennd efni eða gufu nálægt tækinu, á uppsetningarstað eða í sjálfu tækinu.
- Alls ekki má loka fyrir úttök í dreifikerfi fyrir heitt loft og gæta verður þess að hlutir sem eru viðkvæmir fyrir hita eða eldfimt efni, vökvi, loftkennt efni eða gufa komi ekki nálægt dreifikerfinu fyrir heitt loft.
- Til þess að tryggja að tækið ofhitni ekki verður að halda inntaksopum fyrir hringrásarloft, opum að uppsetningarstað og uppsetningarstaðnum sjálfum lausum við hindranir.

– Bannað er að nota efni sem innihalda klór á og í tækinu.

– Halda verður háfnum sem leiðir útblástur út og brennsluoft inn lausum við óhreinindi (snjó, ís, lauf o.s.frv.).

– Hætta vegna heits yfirborðs og útblásturs. Snertið ekki svæðið umhverfis veggháfinn og leggið enga hluti upp að veggháfnum eða ökutækinu.

Skyldur rekstraraðila / umráðamanns ökutækis

– Rekstraraðili er ábyrgur fyrir vatninu sem fyllt er á ketil Combi-miðstöðva og gæðum þess.

– Hámarksþrýstingur inntaksvatns, sjá „Tæknilegar upplýsingar“ á bls. 10.

– Umráðamaður ökutækisins er ábyrgur fyrir því að hægt sé að nota tækið á réttan hátt.

– Combi-miðstöðin er ekki með innbyggða frostvörn. Ef vatn frýs á tækinu getur það valdið alvarlegum skemmdum á því. Rekstraraðili er ábyrgur fyrir því að verja Combi-miðstöðina fyrir frostskegndum, t.d. með því að nota Truma FrostControl. Ef ekki er FrostControl á tækinu (t.d. í útfærslu fyrir Bretland) eða ef tækið er ekki í notkun er mikilvægt að tæma allt vatn úr tækinu þegar hættu er á frosti. Ekki er tekin ábyrgð á frostskegndum!

– Uppsetningaraðili eða umráðamaður ökutækisins skal koma gula viðvörnarlímmiðanum sem fylgir með tækinu fyrir á áberandi stað í ökutækinu þar sem allir notendur geta séð hann (t.d. á hurð fataskáps). Ef límmiða vantar er hægt að panta þá hjá Truma.

– Kerfi fyrir fljótandi gas verða að samræmast gildandi tækni- og stjórnunarlegum ákvæðum í notkunarlandinu hverju sinni (í Evrópu er það t.d. EN 1949 fyrir ökutæki). Fylgja verður gildandi reglum á hverjum stað (í Þýskalandi er það t.d. „DVGW-Arbeitsblatt G 607“ fyrir ökutæki).

– Umráðamaður ökutækis verður að láta skoða gaskerfið **samkvæmt gildandi reglum í hverju landi** (í Þýskalandi er það á tveggja ára fresti) hjá aðila með sérþekkingu á fljótandi gasi (DVGW, TÜV, DEKRA). Staðfesta

skal að skoðun hafi farið fram á viðkomandi skoðunarmiða (G 607).

- Skipta verður um þrýstijafnara og slöngur eigi síðar en tíu árum frá framleiðsludegi (átta árum ef um notkun í atvinnuskyni er að ræða).
- Skoðið slöngur reglulega og skiptið um þær ef sprungur hafa myndast.


Örugg notkun

- Við notkun gasþrýstijafnara, gastækja eða gaskerfa verður að nota standandi gaskúta þar sem gas er **tekið úr í loftkenndu formi**. Bannað er að nota gaskúta sem gas er tekið úr í fljótandi formi (t.d. fyrir lyftara) því þeir valda skemmdum á gaskerfinu.
- Vinnsluþrýstingur gaskerfisins (30 mbör) og tækisins (sjá upplýsingaplötu) verður að vera sá sami.
- Í Þýskalandi má aðeins nota þrýstijafnara samkvæmt DIN EN 16129 (í ökutækjum) með 30 mbar föstum úttaksþrýstingi í gaskerfinu. Streymi þrýstijafnarans skal að lágmarki samsvara hámarksnotkun allra innbyggðra tækja frá framleiðanda kerfisins.
- Fyrir ökutæki mælum við með gasþrýstijafnarannum Truma MonoControl CS og fyrir tveggja kúta gaskerfi mælum við með gasþrýstijafnarannum DuoControl CS.
- Við hitastig um og undir 0 °C skal nota gasþrýstijafnarann eða skiptilokann með hitaranum EisEx.
- Aðeins má nota slöngur sem uppfylla gildandi reglur í notkunarlandi hverju sinni.
- Þegar nýtt tæki er notað í fyrsta sinn getur það gefið frá sér reyk og lykt í stutta stund. Þegar tæki er tekið aftur í notkun eftir að hafa staðið ónotað í langan tíma getur það gefið frá sér dálítinn reyk og lykt vegna ryks eða óhreininda. Skal þá láta tækið ganga á hæsta styrk í nokkrar mínútur til að það hreinsi sig sjálft og sjá til þess að góð loftræsting sé í rýminu.
- Heitt loft getur einkum verið hættulegt ungbörnum, börnum, öldruðum eða fólki sem er veikt fyrir og valdið brunameiðslum. Loftið sem streymir út um útstreymi fyrir

heitt loft getur verið mjög heitt. Kannið ávallt hitastig loftsins áður en stillingum útstreymis fyrir heitt loft er breytt.

- Heitt vatn getur einkum verið hættulegt ungbörnum, börnum, öldruðum eða fólki sem er veikt fyrir og valdið brunameiðslum. Kannið ávallt hitastig vatnsins áður en farið er í sturtu eða bað.
- Börn eldri en átta ára og einstaklingar með skerta líkamsgetu, skyngetu eða andlega getu og einstaklingar sem ekki hafa reynslu og þekkingu mega nota vöruna, svo fremi sem þeir eru undir eftirliti aðila sem gætir öryggis þeirra eða að þeir hafi fengið tilsögn hjá viðkomandi aðila um örugga notkun tækisins og þeim hafi verið gerð skýr grein fyrir hættunum. Börn mega ekki leika sér með tækið.
- Reglulega, einkum eftir lengri ferðir, skal athuga hvort tvöfalda útblástursrörið er óskemmt og vel fest, sem og athuga hvort tækið og háfurinn eru vel fest.

Notkun meðan á akstri stendur

- Í UN ECE-reglum nr. 122 er kveðið á um að skilyrði fyrir kyndingu húsvagna og húsbíla í akstri sé að öryggislokunarbúnaður sé fyrir hendi sem kemur í veg fyrir gasleka ef slys á sér stað. Gasþrýstijafnarinn Truma MonoControl CS uppfyllir þessa kröfu. Ef þessi gasþrýstijafnari er settur upp ásamt samsvarandi gaslögnum er notkun gerðarviðurkenndrar gasmiðstöðvar í akstri heimil um alla Evrópu samkvæmt UN ECE-reglum nr. 122. Fylgja verður gildandi lögum og reglum á hverjum stað.
- Ef **enginn** öryggislokunarbúnaður (t.d. eins og í gasþrýstijafnarannum Truma MonoControl CS) er fyrir hendi verður að vera lokað fyrir gaskútinn meðan á akstri stendur og setja verður upp **upplýsingaskilti** í gaskútaskápnum og nálægt stjórnborðinu.
-  Aldrei má nota tæki sem ganga fyrir fljótandi gasi á meðan fyllt er á eldsneytistankinn, í bílastæðahúsum, bílskúrum eða í ferjum. Slökkvið á gastækinu á stjórnborðinu. Gangið úr skugga um að ekki sé hægt að kveikja á gastækinu með fjarstýringu, t.d. með Truma App.

- Til að koma í veg fyrir að vatn valdi skemmdum á tækinu, t.d. við þrif á ökutækinu, verður að gæta þess að sprauta ekki vatni beint í háfinn.

Viðbrögð við bilunum

- Ef Combi-miðstöðin gefur frá sér óvenjuleg hljóð eða lykt skal loka fyrir gasið og slökkva á miðstöðinni.
- Hætta er á eldsvoða/sprengingu ef reynt er að nota Combi-miðstöð sem hefur orðið fyrir skemmdum vegna vökva (t.d. drykkja, flóðs eða leka) eða ef ökutækið hefur lent í slysi. Láta verður fagaðila gera við eða skipta um skemmdu Combi-miðstöðina.
- Látið fagaðila gera við bilanir án tafar.
- Ekki má lagfæra bilanir á eigin spýtur nema að lagfæringunni sé lýst í leiðbeiningunum um villuleit í þessum notkunarleiðbeiningum.
- Ef miskveikja kemur upp skal láta fagaðila skoða tækið og útblásturslagnir þess.

Viðhald / viðgerðir / þrif

- Viðgerðir og þrif á tækinu verða að vera á höndum fagaðila.
- Börn mega ekki annast viðhald, viðgerðir og þrif.
- Aðeins Combi E:
Ef rafmagnsleiðsla tækisins skemmist verður að láta framleiðanda, þjónustuaðila á hans vegum eða sambærilegan fagmann skipta um hana til að fyrirbyggja hættu.
- Eftirfarandi atriði leiða einkum til þess að ábyrgð falli úr gildi:
 - breytingar á tækinu (að aukabúnaði þess meðtöldum),
 - breytingar á útblásturslögnum og á háf,
 - notkun varahluta og aukabúnaðar frá öðrum framleiðendum en Truma,
 - ef ekki er farið eftir uppsetningar- og notkunarleiðbeiningum.

Gerðarviðurkenning tækisins fellur einnig úr gildi og þar með einnig gerðarviðurkenning ökutækisins í mörgum löndum.

- Skola skal vel úr nýjum Combi-miðstöðvum, Combi-miðstöðvum sem hafa staðið lengi ónotaðar og öllum slöngum fyrir heitt og kalt vatn með neysluvatni fyrir notkun.

Lýsing á virkni (Combi)

Combi-gasmiðstöðin er miðstöð sem hitar upp loft og er með innbyggðan heitavatnsketil (sem tekur 10 lítra). Brennarinn vinnur með aðstoð blásturs og því er rétt virkni einnig tryggð meðan á akstri stendur.

Í **stillingu fyrir kyndingu** kyndir miðstöðin innanrýmið og hitar vatn samtímis. Ef aðeins er þörf á heitu vatni er það hægt í **stillingu fyrir heitt vatn**.

- Í **stillingu fyrir heitt vatn** er vatnið hitað upp á lægstu brennarastillingu. Þegar vatnið hefur náð réttu hitastigi slekkur brennarinn á sér.
- Í **stillingu fyrir kyndingu** velur tækið nauðsynlegt aflþrep sjálfkrafa til samræmis við mismuninn á raunverulegu hitastigi í innanrými og stillingu hitastigs á stjórnborðinu. Þegar fyllt hefur verið á ketillinn er vatnið hitað sjálfkrafa. Hitastig vatnsins fer eftir völdum vinnslumáta og hitunarafli.

Þegar hitastigið á sjálfvirka öryggis-/afrennslislokanum FrostControl er u.þ.b. 3 °C opnast lokinn og tæmir ketillinn.

Lýsing á virkni (Combi E)

(Ásamt CP plus-stjórnborði)

Combi E-gasmiðstöðin er miðstöð sem hitar upp loft og er með innbyggðan heitavatnsketil (sem tekur 10 lítra). Brennarinn vinnur með aðstoð blásturs og því er rétt virkni einnig tryggð meðan á akstri stendur. Í tækinu eru einnig hitaelement fyrir notkun með rafmagni.

Í **stillingu fyrir kyndingu** kyndir miðstöðin innanrýmið og hitar vatn samtímis. Ef aðeins er þörf á heitu vatni er það hægt í **stillingu fyrir heitt vatn**.

Þegar hitastigið á sjálfvirka öryggis-/afrennslislokanum FrostControl er u.þ.b. 3 °C opnast lokinn og tæmir ketillinn.

Hægt er að nota tækið með þrenns konar hætti:

- eingöngu **með gasi**
Própan/bútan fyrir notkun án tengingar við veitukerfi
- eingöngu **með rafmagni**
230 V ~ fyrir staðbundna notkun á tjaldsvæði
- eða **blönduð notkun** með gasi og rafmagni
aðeins í boði í stillingu fyrir kyndingu.

Stilling fyrir kyndingu

Í **stillingu fyrir kyndingu** velur tækið nauðsynlegt aflþrep sjálfkrafa til samræmis við mismuninn á raunverulegu hitastigi í innanrými og stillingu hitastigs á stjórnborðinu. Þegar fyllt hefur verið á ketillinn er vatnið hitað sjálfkrafa. Hitastig vatnsins fer eftir völdum vinnslumáta og hitunarafli.

Hægt er að nota alla þrjá orkugjafana.

- Í **stillingu fyrir gas** velur tækið nauðsynlegt aflþrep sjálfkrafa.
 - Þegar tækið **gengur fyrir rafmagni** er hægt að stilla aflið handvirkt á 900 W (3,9 A) eða 1800 W (7,8 A) allt eftir því hvernig öryggi er á tjaldsvæðinu.
- Þegar þörf er á meira afli (t.d. til að kynda eða þegar kalt er í veðri) ætti að stilla á notkun með gasi eða blandaða notkun til þess að tryggja að nægilegt afl til kyndingar sé alltaf fyrir hendi.

- Í stillingu fyrir **blandaða notkun** er notkun með 230 V ~ rafmagni í forgangi þegar aðeins er þörf á litlu afli (t.d. til að viðhalda hitastigi innandyra). Gasbrennarinn kveikir ekki á sér fyrr en þörf er á meira afli eða slekkur fyrst á sér meðan á kyndingu stendur.

Stilling fyrir heitt vatn
(aðeins þegar fyllt hefur verið á ketil)

Til að hita upp vatn er ýmist notað gas eða 230 V ~ rafmagn. Hægt er að stilla hitastig vatnsins á 40 °C / ECO* eða 60 °C / HOT*.

* ECO, HOT aðeins með stjórnborðinu Truma CP plus.

- Við **notkun með gasi** er vatnið hitað upp á lægstu brennarastillingu. Þegar vatnið hefur náð réttu hitastigi slekkur brennarinn á sér.

- Þegar tækið **gengur fyrir rafmagn** er hægt að stilla aflið handvirkt á 900 W (3,9 A) eða 1800 W (7,8 A) allt eftir því hvernig öryggi er á tjaldsvæðinu.

i Blönduð notkun er ekki í boði. Í þessari stillingu velur tækið sjálfkrafa rafmagn. Ef 230 V ~ spennugjafinn er tekinn úr sambandi eða virkar ekki skiptir miðstöðin sjálfkrafa yfir á gas.

Notkunarleiðbeiningar

Lesið skal öryggis- og notkunarleiðbeiningar vandlega áður en tækið er tekið í notkun og fylgja þeim í hvívetna!

i Með Truma App í farsíma eða spjaldtölvu er hægt að lesa notkunarleiðbeiningarnar án nettengingar. Notkunarleiðbeiningunum er hlaðið niður einu sinni þegar tenging er fyrir hendi og vistaðar í farsímanum eða spjaldtölvunni.

Skola verður vel úr öllu vatnskerfinu með hreinu vatni fyrir fyrstu notkun.


i Efni í tækinu sem komast í snertingu við vatn henta til notkunar með neysluvatni (sjá yfirlýsingu framleiðanda á www.truma.com).

Stjórnborð

Fjallað er um stjórnborð í sérstökum notkunarleiðbeiningum.

Innihitaskynjari

Í ökutækinu er ytri innihitaskynjari (2) til að mæla hitastigið í innanrýminu. Staðsetning skynjarans er valin af framleiðanda ökutækisins, allt eftir því um hvernig ökutæki er að ræða. Nánari upplýsingar um þetta atriði er að finna í notkunarleiðbeiningum ökutækisins.



Mynd 2


Stilla verður hitastigið á stjórnborðinu til samræmis við persónulegar þarfir og gerð ökutækisins hverju sinni.

Öryggis-/afrennslisloki

A. FrostControl

(Öryggis-/afrennslisloki með innbyggðri frostvörn / aukabúnaður í útfærslu fyrir Bretland)

FrostControl er straumlaus öryggis-/afrennslisloki. Þegar hættu er á frosti hleypir hann öllu vatni sjálfkrafa af katlinum í gegnum tæmingarstút. Ef of mikill þrýstingur er á kerfinu hleypir öryggislokin af þrýstingi.



Mynd 3

a = Snúningsrofi í vinnslstöðu
b = Hnappur í lokaðri stöðu
c = Hnappur í tæmingarstöðu
d = Tæmingarstútur (leiddur út í gegnum gólf ökutækisins)

Opnað fyrir öryggis-/afrennslisloka

– Snúið snúningsrofanum í 180° þar til hann skorðast. Við það skýst hnappurinn út (staða c). Vatnið í katlinum rennur út um tæmingarstútinn (d).

Halda verður tæmingarstút (d) FrostControl lausum við óhreinindi (snjó, ís, lauf o.s.frv.) svo tryggt sé að vatnið geti runnið út óhindrað! **Ekki er tekin ábyrgð á frostskegmdum!**

Lokað fyrir öryggis-/afrennslisloka

– Gangið úr skugga um að snúningsrofinn sé í vinnslustöðu (stöðu a), þ.e. samsíða vatnstenginu og skorðaður.

– Lokið öryggis-/afrennslislokanum með því að ýta á hnappinn. Hnappurinn verður að skorðast í lokaðri stöðu (b).

Hitastigið á öryggis-/afrennslislokanum þarf að fara yfir u.þ.b. 7 °C áður en hægt er að loka honum handvirkt með hnappinum (stöðu b) og fylla á ketilinn.

Hitaelement (vörunúmer 70070-01), sem er stungið inn í FrostControl og fest með festistykki, er fánlegt sem aukabúnaður frá Truma. Þegar kveikt er á Combi-miðstöðinni hitar hitaelementið FrostControl upp í u.þ.b. 10 °C. Þannig er hægt að fylla fyrr á ketilinn, óháð hitastigi á uppsetningarstað.

Opnað sjálfkrafa fyrir öryggis-/afrennslisloka


Þegar hitastigið á öryggis-/afrennslislokanum fer niður fyrir u.þ.b. 3 °C opnast hann sjálfkrafa og hnappurinn skýst út (staða c). Vatnið í katlinum rennur út um tæmingarstútinn (d).

B. Öryggis-/afrennslisloki

(Öryggis-/afrennslisloki án frostvarnar / staðalbúnaður í útfærslu fyrir Bretland)

Ef of mikill þrýstingur er á kerfinu hleypir öryggis-/afrennslislokinn þrýstingi af sjálfkrafa. Vatnið er þá leitt út smátt og smátt í gegnum tæmingarstút.

i Þessi öryggis-/afrennslisloki ver vatnstankinn ekki gegn **frostskegmdum**.



Mynd 4

- a = Armur í lokaðri vinnslustöðu
- b = Armur í lokaðri vinnslustöðu
- c = Armur í tæmingarstöðu
- d = Tæmingarstútur (leiddur út í gegnum gólf ökutækisins)

Opnað fyrir öryggis-/afrennslisloka

– Færið arminn í lóðréttu stöðu (c). Vatnið í katlinum rennur út um tæmingarstútinn (d).

Halda verður tæmingarstút (d) öryggis-/afrennslislokans lausum við óhreinindi (snjó, ís, lauf o.s.frv.) svo tryggt sé að vatnið geti runnið út óhindrað! **Ekki er tekin ábyrgð á frostskegmdum!**

Lokað fyrir öryggis-/afrennslisloka

– Færið arminn í láréttu stöðu (a) eða (b).

Fyllt á ketilinn

Gangið úr skugga um að lokað sé fyrir öryggis-/afrennslislokann (sjá „Lokað fyrir öryggis-/afrennslisloka“).

i Þegar hitastigið á FrostControl er undir u.þ.b. 7 °C skal **fyrst** kveikja á miðstöðinni til þess að hita upp uppsetningarstaðinn og FrostControl. Hægt er að loka fyrir öryggis-/afrennslislokann eftir nokkrar mínútur, þegar hitastigið á FrostControl er komið yfir 7 °C.

– Setjið rafmagnið á fyrir vatnsdæluna (með aðalrofa eða dælurofa).

– Skrúfið frá krönum fyrir heitt vatn í eldhúsi og á baði (stillið blöndunartæki á „heitt“). Látið vatnið renna þar til allt loft hefur verið tæmt úr katlinum og rennslið er stöðugt.

i Ef aðeins er notað kaldavatnskerfi án ketils er einnig fyllt á ketilinn með vatni. Til að koma í veg fyrir frostskegmdir verður að tæma ketilinn með öryggis-/afrennslislokanum, jafnvel þótt hann hafi ekki verið notaður.

Þegar hitastig er undir frostmarki getur frosið afgangsvatn hindrað áfyllingu. Hægt er að þíða ketilinn með því að setja í gang í stutta stund (að hámarki tvær mínútur). Hægt er að þíða frosnar lagnir með því að kynda innanrýmið.

! Þegar um tengingu við vatnsveitu (í dreifbýli eða innanbæjar) er að ræða verður að nota þrýstimmunkun sem kemur í veg fyrir að þrýstingurinn í katlinum geti farið yfir 2,8 bör.

Ketilinn tæmdur

! Ef húsvagninn/húsbíllinn er ekki notaður yfir veturinn verður ávallt að tæma ketilinn!

– Takið strauminn af vatnsdælunni (með aðalrofa eða dælurofa).

– Skrúfið frá krönum fyrir heitt vatn í eldhúsi og á baði.

i Til að fylgjast með vatnsrennslinu skal setja viðeigandi ílát (10 lítra) undir tæmingarstút (d) öryggis-/afrennslislokans.

– Opnið fyrir öryggis-/afrennslislokann (sjá „Opnað fyrir öryggis-/afrennslisloka“).

Ketilinn er þá tæmdur og vatnið leitt út í gegnum öryggis-/afrennslislokann. Gangið úr skugga um að allt vatnið úr katlinum (10 lítrar) hafi farið út um öryggis-/afrennslislokann.

Ekki er tekin ábyrgð á frostskegmdum!

Búnaðurinn settur í gang

Combi

Hægt er að kynda innanrýmið bæði með og án vatns, allt eftir stillingu.

Combi E (ásamt CP plus-stjórnborði)

Hægt er að kynda innanrýmið bæði með og án vatns, með gasi, rafmagni eða blönduðum orkugjöfum, allt eftir stillingu.

Gangið úr skugga um að öryggið á tjaldsvæðinu nægi fyrir aflíð sem stillt er á með orkuvalrofanum, 900 W (3,9 A) eða 1800 W (7,8 A).

Vinda verður alveg af strengkeflinu til þess að koma í veg fyrir að inntaksstrengurinn fyrir rafmagn ofhitni.

- Gangið úr skugga um að engin fyrirstaða sé fyrir háfnum. Ef lok eru til staðar verður að fjarlægja þau.
- Opnið fyrir gaskútinn og kranann á gaslögninni.
- Ef þörf krefur skal fylla vatni á ketilinn (sjá „Fyllt á ketilinn“).
- Kveikið á tækinu á stjórnborðinu.

Slökkt

- Slökkvið á miðstöðinni á stjórnborðinu.
- Nokkurra mínútna töf getur verið á því að slökkt sé vegna þess að miðstöðin gengur áfram í einhvern tíma.

Tæma verður vatnið úr ef hættu er á frosti!

Ef ekki á að nota tækið í lengri tíma skal skrúfa fyrir gaskútinn og kranann á gaslögninni.

Viðhald

Börn mega ekki annast viðhald, viðgerðir og þrif.

Vinna sem skal vera á höndum fagaðila

- Látið fagaðila athuga með óhreinindi á tækinu og þrifa það ef þess þarf.

Vinna sem notandi sér um

- Hreinsið uppsetningarstaðinn að minnsta kosti einu sinni á ári.
- Nota verður öryggis-/afrennslislokann reglulega (ekki sjaldnar en tvisvar á ári) til þess að fjarlægja kalkútfellingar og tryggja að lokinn sé ekki stíflaður.

Upplýsingar um þrif, örverueyðingu og umhirðu

Við þrif, örverueyðingu og umhirðu á katlinum mælum við með að notaðar séu viðeigandi vörur sem eru fánlegar í verslunum. Ekki má nota vörur sem innihalda klór.

Til að styðja við eyðingu örvera í tækinu með þar til ætluðum efnum er hægt að hita vatnið í katlinum reglulega upp í 70 °C.

Aðeins Combi E ásamt CP plus-stjórnborði

– Veljið notkun með gasi á CP plus-stjórnborðinu.

- Stílið hitastig vatnsins á 60 °C.
- Kveikið á tækinu.

i Þegar hitastig vatnsins í katlinum hefur náð 60 °C slekkur brennarinn á sér. Kveikt verður að vera á tækinu í að minnsta kosti 30 mínútur og ekki má skrúfa frá heita vatninu á meðan. Afgangsvarminn í varmaskiptinum hitar vatnið upp í allt að 70 °C.

Sólarraflöðukerfi

⚠ Þegar notast er við sólarraflöðukerfi verður samkvæmt staðlinum EN 1648 ávallt að vera rafhláða (með hleðslustilli) eða spennustillir (útgangsspenna 11 V – 15 V; gárur í riðspennu < 1,2 Vss) á milli sólarraflöðukerfisins og miðstöðvarinnar. Annars getur rafeindabúnaður miðstöðvarinnar orðið fyrir skemmdum vegna óreglulegrar spennugjafar frá sólarraflöðukerfinu.

- Taka verður hleðslustillinn úr sambandi við rafhlöðuna áður en rafhláðan er aftengd.
- Þegar rafhláðan er tengd verður að enda á því að tengja hleðslustillinn við rafhlöðuna.

Ábyrgðin tekur ekki til skemmda á rafeindabúnaði miðstöðvar sem rekja má til óreglulegrar spennugjafar frá sólarraflöðukerfi.

Öryggi


⚠ Stöðurafragnshleðsla getur eyðilagt rafeindabúnaðinn. Gætið þess að koma á spennugjöfnun áður en komið er við rafeindabúnaðinn!

Öryggi 12 V =

⚠ Áður en tengjahlífin er tekin af skal aftengja tækið frá 12 V spennugjafanum með alpóla rofi.

Öryggið er á rafeindabúnaðinum undir tengjahlífinni. Skiptið tækisörygginu eingöngu út fyrir öryggi af sömu gerð.

Tækisöryggi: 10 A – hraðvirkt – 5 x 20 mm (F 10 A)



Mynd 5


Öryggi 230 V ~ (Combi E)

⚠ Lífshætta vegna raflosts þegar skipt er um öryggi eða rafmagnsleiðslur.

- Láta verður fagaðila sjá um að skipta um öryggi og rafmagnsleiðslur!
- Áður en lokið yfir rafeindabúnaðinum er opnað verður að aftengja tækið frá rafmagni með alpóla rofi.

Öryggið er á aflrafeindabúnaðinum (14) undir lokinu.


Aðeins má skipta smávarinu út fyrir öryggi af sömu gerð: 10 A, hraðvirkt, rofgeta „H“.



Mynd 6

Ofhitnunarvörn 230 V ~ (Combi E)

Vélrænn ofhitnunarrofi er til staðar fyrir kyndingu með 230 V ~ rafmagni. Ef 12 V = spennugjöfin rofnar, t.d. meðan á notkun stendur eða á meðan búnaður gengur áfram eftir að slökkt er, getur ofhitnunarvörnin slegið út vegna hitastigsins í tækinu.



Mynd 7

Ofhitnunarvörnin endurstíllt: Leyfið miðstöðinni að kólna, takið tengjahlífina af og ýtið á endurstillingarhnappinn.

Tæknilegar upplýsingar

samkvæmt EN 624 eða prófunarskilyrðum Truma

Gastegund

Fljótandi gas (própan/bútan)

Vinnsluþrýstingur

30 mbör (sjá upplýsingaplötu)

Vatnsmagn

10 lítrar

Upphitunartími frá u.þ.b. 15 °C upp í u.þ.b. 60 °C

Ketill u.þ.b. 23 mín. (mælt samkvæmt EN 15033)

Miðstöð + ketill u.þ.b. 80 mín.

Dæluþrýstingur

hám. 2,8 bör (280 kPa)

Kerfisþrýstingur

hám. 4,5 bör (450 kPa)

Notvarmi (sjálfvirk aflstig)

Notkun með gasi

Combi 2 E UK: 2000 W

Combi 4 (E) / 4 E UK: 2000 W / 4000 W

Combi 6 (E) / 6 E UK: 2000 W / 4000 W / 6000 W

Notkun með rafmagni

Combi 2 E UK / 4 E (UK) / 6 E (UK): 900 W / 1800 W

Blönduð notkun (með gasi og rafmagni)

Combi 2 E UK /

Combi 4 E (UK): hám. 3800 W

Combi 6 E (UK): hám. 5800 W

Gasnotkun

Combi 2 E UK: 160 g/klst.

Combi 4 (E) / 4 E UK: 160 – 335 g/klst.

Combi 6 (E) / 6 E UK: 160 – 460 g/klst.

Notkun fyrir hita í biðstöðu (öll tæki)

Notkun með gasi 5,2 g/klst.

Frekari upplýsingar samkvæmt EN 624

Combi 2 E UK: $Q_n = 2,4$ kW (Hs), 170 g/klst., C13, I3 B/P(30)

Combi 4 (E) / 4 E UK: $Q_n = 4,8$ kW (Hs), 345 g/klst., C13, I3 B/P(30)

Combi 6 (E) / 6 E UK: $Q_n = 6,8$ kW (Hs), 480 g/klst., C13, I3 B/P(30)

Fyrirhuguð notkunarlönd

Combi 2 E UK: GB, IE

Combi 4 (E) / 4 E UK / 6 (E) / 6 E UK:

DE, AT, CH, DK, FI, NL, NO, SE, SK, CH, CZ, CY, BE, IT, RO,

GR, LI, LU, IS, PL, EE, LT, LV, MC, MT, PT, SI, HR, HU, FR,

BG, SM, TR, GB, IE

Loftstreymi (óhindraður útblástur án rörs fyrir heitt loft)

Combi 2 E UK / Combi 4 (E) / 4 E UK:

með 3 úttökum fyrir heitt loft hám. 249 m³/klst.

með 4 úttökum fyrir heitt loft hám. 287 m³/klst.

Combi 6 (E) / 6 E UK:

með 4 úttökum fyrir heitt loft hám. 287 m³/klst.

Straumnotkun við 12 V =

Miðstöð + ketill

Combi 2 E UK /

Combi 4 (E) / 4 E UK: 1,2 – 6,5 A

Combi 6 (E) / 6 E UK: 1,4 – 6,5 A

Upphitun ketils að hámarki 0,5 A

Hvíldarstraumur u.þ.b. 0,001 A

Hitaelement – FrostControl (aukabúnaður): hámark 0,4 A

Straumnotkun við 230 V ~

Combi 2 E UK / Combi 4 E (UK) / Combi 6 E (UK)

3,9 A (900 W) eða 7,8 A (1800 W)

Varnarflokkur

IP 21

Þyngd

(án vatns)

Combi 2 E UK –

Combi 4 E (UK) Combi 4

Combi 6 E (UK) Combi 6

Miðstöð:

15,5 kg

14,4 kg

Miðstöð með jaðarbúnaði:


16,0 kg

14,9 kg



Tæknilegar breytingar áskildar!

Mál



Mynd 8

Tæknilegar breytingar áskildar!

Förgun

Farga skal tækinu í samræmi við stjórnsýslufyrirmæli notkunarlands hverju sinni. Fylgja verður gildandi lögum og reglum í hverju landi (í Þýskalandi er það t.d. reglugerð um úr sér gengin ökutæki).

Bilanir

Bilanir – miðstöð

Upplýsingar um mögulegar orsakir bilana og leiðbeiningar um villuleit er að finna í notkunarleiðbeiningum stjórnborðsins.

Bilanir – vatnsveita

Upplýsingar um mögulegar orsakir bilana og leiðbeiningar um villuleit er að finna í „Leiðbeiningar um villuleit (vatnsveita)“.

Leiðbeiningar um villuleit (vatnsveita)

Villa	Orsök / lagfæring
Mjög langur upphitunartími	Kalkútfellingar í vatnstanki. / Hreinsið kalk úr vatnskerfi (sjá „Viðhald“).
Vatn rennur út – ekki er hægt að fylla á ketillinn.	Öryggis-/afrennislökinn er opinn. / Lokið fyrir öryggis-/afrennislökann.
Ekki er hægt að tæma ketilinn jafnvel þótt öryggis-/afrennislökinn sé opinn.	Tæmingarstútur öryggis-/afrennislökans er lokaður. / Athugið hvort óhreinindi eru í opinu (snjór, ís, lauf o.s.frv.) og fjarlægjið eftir þörfum.
Vatn drýpur eða rennur út um tæmingarstút öryggis-/afrennislökans.	Vatnsþrýstingur of mikill. / Athugið dæluþrýstinginn (hám. 2,8 bör). Þegar um tengingu við vatnsveitu (í dreifbýli eða innanbæjar) er að ræða verður að nota þrýstiminnkun sem kemur í veg fyrir að þrýstingurinn í katlinum geti farið yfir 2,8 bör.
Þegar slökkt hefur verið á miðstöðinni opnast FrostControl.	Þegar hitastigið er undir u.þ.b. 3 °C opnast FrostControl sjálfkrafa / Kveikið á miðstöðinni / Án kyndingar er ekki hægt að loka FrostControl aftur fyrr en hitastigið fer yfir u.þ.b. 7 °C / Notið hitaelement fyrir FrostControl.
Ekki er lengur hægt að loka FrostControl.	Hitastigið á FrostControl undir u.þ.b. 7 °C / Kveikið á miðstöðinni / Án kyndingar er ekki hægt að loka FrostControl aftur fyrr en hitastigið fer yfir u.þ.b. 7 °C. Snúningsrofinn er ekki í vinnslustöðu. / Snúið snúningsrofa FrostControl í vinnslustöðu og ýtið síðan á hnappinn þannig að hann skorðist.

Ef þetta dugar ekki til að lagfæra bilunina skal leita til þjónustudeildar Truma.

Aukabúnaður

Truma CP plus

Stafrænt Truma CP plus-stjórnborð með sjálfvirkri stjórnun hitastigs fyrir Combi-miðstöðvar frá Truma sem styðja iNet og Truma-loftkælingar af gerðinni Aventa eco, Aventa comfort (frá og með raðnúmeri 24084022 – 04/2013), Saphir comfort RC og Saphir compact (frá og með raðnúmeri 23091001 – 04/2012)

- Eiginleikinn fyrir sjálfvirka stjórnun hitastigs stjórnar kyndingu og loftkælingu sjálfkrafa til að halda réttu hitastigi í ökutækinu.
- Hægt er að bæta Truma iNet Box við. Þannig er einnig hægt að stjórna öllum Truma-tækjum sem styðja TIN-Bus með Truma App.



Mynd 9

Truma iNet Box

Truma iNet Box er notað til að tengja Truma-tæki saman á einfaldan hátt og stjórna þeim með forriti í snjallsíma eða spjaldtölvu.

- Einföld uppsetning og fyrsta notkun með Truma App.
- Hægt að bæta við eiginleikum með uppfærslum og endist því lengur.



Mynd 10

Truma CP classic


Hliðrænt Truma CP classic-stjórnborð.



Mynd 11

Hitaelement fyrir FrostControl

Hitaelement með 1,5 m tengisnúru og festistykki.



Mynd 12

Annar aukabúnaður (án mynda) fyrir stjórnborð

- Snúra fyrir stjórnborð í mismunandi lengd (að hámarki 10 m)

Ábyrgðaryfirlýsing framleiðanda (Evrópusambandið)

1. Gildissvið framleiðandaábyrgðar

Sem framleiðandi tækisins veitir Truma neytandanum ábyrgð sem tekur til efnis- og/eda framleiðslugalla á tækinu.

Ábyrgð þessi gildir í aðildarríkjum Evrópusambandsins og á Íslandi, í Noregi, Sviss og Tyrklandi. Neytandi er sá einstaklingur sem fyrst keypti tækið frá framleiðanda, framleiðanda upprunalegs búnaðar eða söluaðila og selur það ekki áfram eða setur það upp hjá þriðja aðila á vegum fyrirtækis eða sem sjálfstæður atvinnurekandi.

Ábyrgð framleiðanda gildir um ofangreinda galla sem koma fram innan 24 mánaða frá gerð kaupsamnings milli seljanda og neytanda. Framleiðandinn eða viðurkenndur þjónustuaðili á hans vegum mun ráða bót á slíkum göllum með úrbótum, þ.e. að eigin ákvörðun með viðgerð eða afhendingu nýrrar vöru. Gallaðir hlutar verða eign framleiðanda eða viðurkennda þjónustuaðilans. Ef tækið er ekki lengur framleitt á þeim tíma þegar tilkynnt er um galla getur framleiðandinn einnig afhent svipaða vöru.

Ef framleiðandinn veitir ábyrgðarþjónustu hefst ábyrgðartíminn fyrir hluti sem gert er við eða skipt er um ekki að nýju heldur gildir gamli ábyrgðartíminn áfram fyrir tækið. Eingöngu framleiðandinn sjálfur eða viðurkenndur þjónustuaðili á hans vegum mega annast ábyrgðarvinnu. Kostnaður sem fellur til í ábyrgðartilviki er gerður upp beint milli viðurkennds þjónustuaðila og framleiðanda. Ábyrgðin tekur ekki til viðbótarkostnaðar vegna erfiðra aðstæðna við niðurtekt og uppsetningu tækisins (t.d. við að taka niður húsgögn eða hluta yfirbyggingar) sem og ferðakostnaðar viðurkennds þjónustuaðila eða framleiðanda.

Frekari kröfur, einkum skaðabótakröfur neytanda eða þriðju aðila, eru útilokaðar. Ákvæði laga um skaðsemisábyrgð gilda í óbreyttri mynd.

Ábyrgðin sem framleiðandi veitir að eigin frumkvæði hefur ekki áhrif á gildandi lögbundin réttindi neytanda gagnvart seljanda vegna galla í landinu þar sem kaupin fara fram. Í sumum löndum kunna viðkomandi söluaðilar að veita ábyrgð (umboðsaðilar og Truma Partner). Neytandinn getur þá leitað beint til söluaðilans sem hann keypti tækið hjá vegna ábyrgðar. Ábyrgðarskilmálar landsins þar sem neytandi keypti tækið fyrst skulu gilda.

2. Útilokun ábyrgðar

Ábyrgðin gildir **ekki**:

- ef um vanrækslu er að ræða eða ef tækið er notað með óviðeigandi, röngum eða öðrum en fyrirhuguðum hætti,
- ef tækið er ekki sett upp og tekið í notkun samkvæmt notkunar- og uppsetningarleiðbeiningum,
- ef notkun og stjórnun tækisins er ekki samkvæmt notkunar- og uppsetningarleiðbeiningum, einkum ef ekki er farið eftir viðvörðunum og leiðbeiningum um viðhald og umhirðu,
- ef aðrir en viðurkenndir samstarfsaðilar annast uppsetningu, viðgerðir og önnur inngríp,
- um rekstrarvörur, slithluti og eðlilegt slit,
- ef notaðir eru varahlutir, viðbótarhlutir eða aukahlutir með tækinu sem eru ekki frá framleiðanda eða framleiðandi hefur ekki leyft til notkunar. Þetta á sérstaklega við í þeim tilvikum þar sem tækinu er stjórnað í gegnum nettengingu, stjórn- og hugbúnaður er ekki viðurkenndur af Truma eða Truma-stjórnþúnaðurinn (t.d. Truma CP plus og Truma iNetBox) er ekki einvörðungu notaður til að stjórna Truma-tækjum eða tækjum sem Truma viðurkennir,
- um tjón vegna utanaðkomandi efna (t.d. olíu, mýkiefnis í gasi), efna- eða rafefnafræðilegra áhrifa í vatni eða óviðeigandi efna sem tækið kemst í snertingu við með öðrum hætti (t.d. kemiskra efna, eldfimra efna og óhentugs hreinsiefnis),
- um tjón vegna óeðlilegra umhverfisskilyrða eða óviðeigandi rekstrarskilyrða,
- um tjón vegna óviðráðanlegra orsaka eða náttúruhamfara, sem og annarra áhrifa sem Truma ber ekki ábyrgð á,
- um tjón sem rekja má til þess að ekki var staðið rétt að flutningi,
- um breytingar á tækinu, þ.m.t. á varahlutum, viðbótarhlutum, aukahlutum og uppsetningu þeirra, einkum breytingar sem viðskiptavinur eða þriðji aðili gera á útblásturslögnum og háf.

3. Ábyrgðarkröfur

Leggja skal ábyrgðarkröfur fram hjá viðurkenndum samstarfsaðila eða hjá þjónustumiðstöð Truma. Öll pósthöfund og símanúmer er að finna á vefslóðinni www.truma.com á svæðinu „Service“ (þjónusta).

Póstfang framleiðanda er:
Truma Gerätetechnik GmbH & Co. KG
Truma Servicezentrum
Wernher-von-Braun-Straße 12
85640 Putzbrunn, Þýskalandi

Til þess að úrvinnslan gangi sem best fyrir sig skal láta eftirfarandi upplýsingar fylgja með þegar haft er samband:

- ítarlega lýsingu á gallanum
- raðnúmer tækisins
- kaupdag

Viðurkenndi þjónustuaðilinn eða þjónustumiðstöð Truma tekur ákvörðun um næstu skref. Til að forðast flutningsskemmdir má aðeins senda tækið að viðhöfðu samráði við viðurkenndan þjónustuaðila eða þjónustumiðstöð Truma.

Ef framleiðandinn samþykkir ábyrgðarkröfuna tekur hann á sig flutningskostnaðinn. Ef ekki er um ábyrgðartilvik að ræða er neytandinn látinn vita og ber honum þá að greiða fyrir viðgerð og flutning. Vinsamlegast sendið ekki inn vörur án þess að hafa samband fyrst.

IS Ef bilanir koma upp skal hafa samband við þjónustumiðstöð Truma eða viðurkenndan þjónustuaðila á okkar vegum (sjá www.truma.com).

Til að flýta fyrir afgreiðslu skal hafa upplýsingar um gerð tækisins og raðnúmerið (sjá upplýsingaplötu) við höndina.

Service